

STARFSLEYFI

Olúbirgðastöð

Olúdreifing ehf.

Krosseyjarvegi 6 [...]¹,

Höfn í Hornafirði

(lögheimili Hólmaslóð 8-10, Reykjavík)

Kt.: 660695-2069

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Olúdreifingu ehf. kt. 660695-2069, vegna reksturs olúbirgðastöðvar sem liggur á Krosseyjarvegi 6 [...]² á Höfn í Hornafirði. Olúdreifing ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri olúbirgðastöðvarinnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi [...]³. [Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.]⁴

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast fyrir sig verk, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að geyma í stöðinni alls [2.722 m³]⁵ af olúefnum. Þar af má geyma í stærsta geymi allt að 2.300 m³ og allt að 925 m³ af bensíni. Gegnumstreymi bensíns skal vera minna en 5000 tonn á ári. Heimil er einnig bein afhending úr stöðinni með olíuleiðslu sem liggur að fiskmjölsverksmiðju á Óslandi. Auk þess er gert ráð fyrir rekstri löndunar- og afgreiðslubúnaðar við bryggju, ílátum og öðrum búnaði fyrir íblöndunarefni í eldsneyti, afgreiðslubúnaði á flutningstanka og öðrum búnaði í samræmi við lög og reglugerðir.

¹ Breyting 2022, hér stóð áður „og Óslandi“. Rekstraraðili er hættur starfsemi með svartolíugeyminn við Ósland.

² Breyting 2022, hér stóð áður „og við Ósland“. Rekstraraðili er hættur starfsemi með svartolíugeyminn við Ósland.

³ Breyting 2022, hér stóð áður „sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

⁴ Breyting 2022, viðbót.

⁵ Breyting 2022, hér stóð áður „3.501 m³“.

Í stöðinni er einnig heimil móttaka á allt að 150 tonnum af úrgangsolíu á ári og í því sambandi er heimilt að tappa vatnsfasa undan úrgangsolíugeymi sbr. skilyrði í grein 3.4. Móttökugeymir úrgangsolíu skal vera í viðeigandi lekavörn. Taka má á móti meira magni úrgangsolíu ef um ófyrirséð atvik er að ræða.

Starfsemi skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við [XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.]⁶

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana, [til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt]⁷ eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

[Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.]⁸

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær [sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018]⁹. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. [13. gr.]¹⁰ reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun/niðurrif)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og annan frágang. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Við rekstrarstöðvun skal gera úttekt á olíumengun í jarðvegi á

⁶ Breyting 2022, hér stóð áður „ákvæði 6. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd hluta eftirlits í samræmi við 4. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 9. gr. í reglugerðinni.“

⁷ Breyting 2022, viðbót.

⁸ Breyting 2022, viðbót.

⁹ Breyting 2022, hér stóð áður „, sbr. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

¹⁰ Breyting 2022, hér stóð áður „18. gr.“.

rekstrarsvæðinu. Sé jarðvegur olíumengaður ber að meðhöndla hann á viðunandi hátt að mati heilbrigðisnefndar og á kostnað rekstraraðila. [Rekstraraðili skal sýna ýrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun og fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.]¹¹

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila [með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða]¹² þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megj út frágang. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina.

Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Gera skal Slökkviliði Hornafjarðar viðvart um stöðvunina um leið og eftirlitsaðila.

Tilkynna skal eftirlitsaðila og Slökkviliði Hornafjarðar um gangsetningu hafi reksturinn legið niðri eða ef reksturinn er gangsettur eftir að hafa verið stórlega skertur.

Niðurrif allra byggingarleyfissskyldra mannvirkja, svo sem olúgeyma, olúskilja og lagna, er byggingarleyfis-skylt og skal uppfylla ákvæði laga um mannvirki og byggingarreglugerðar. Slíkt niðurrif er háð byggingareftirliti. Niðurrif er einnig háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis í samræmi við ákvæði reglugerðar um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Slíkt niðurrif er háð eftirliti heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis.

Þegar olúgeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olúgeyminn, ásamt lögnum honum tengdum, á þann hátt að umhverfinu stafi ekki hættu af og meðhöndla hann í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið [reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018]¹³. Einnig er skylt, [eða eftir atvikum heimilt,]¹⁴ að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti[sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018]¹⁵:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- [Ef breyting verður á skipulagi.]¹⁶

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

¹¹ Breyting 2022, hér stóð áður „Fylgja skal leiðbeiningum [Umhverfisstofnunar]¹¹ nr. 8/1998 um „meðferð á olíumenguðum jarðvegi“ eða nota jafngildar aðferðir og þar eru settar fram.“

¹² Breyting 2022, viðbót.

¹³ Breyting 2022, hér stóð áður „að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

¹⁴ Breyting 2022, viðbót.

¹⁵ Breyting 2022, hér stóð áður „, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

¹⁶ Breyting 2022, viðbót.

1.7 Valdsvið[, viðurlög]¹⁷ og þvingunarúrreði

[Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.]¹⁸

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. [...] ¹⁹ 60. gr. laganna. Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 61. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.[...] ²⁰

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða og aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað [...] ²¹.

[Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.]²²

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við [ákvæði 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018]²³. Umhverfisstofnun birtir niðurstöður samkvæmt greinum 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

[Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.]²⁴

¹⁷ Breyting 2022, viðbót.

¹⁸ Breyting 2022.

¹⁹ Breyting 2022, hér stóð áður „1. og 2. tl. 1. mgr.“

²⁰ Breyting 2022, hér stóð áður „Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða ef rekstraraðili virðir ekki fyrirmæli um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið.“

²¹ Breyting 2022, hér stóð áður „og tilkynna það heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis, sbr. 63. gr. laganna“.

²² Breyting 2022, viðbót.

²³ Breyting 2022, hér stóð áður „ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit“.

²⁴ Breyting 2022, viðbót.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið. Skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. [Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.]²⁵

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsmenn og þjónustuaðilar, t.d. bílstjórar og vaktmenn, skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í stöðinni.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyrar starfseminni. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á vinnustað ásamt afstöðumynd af birgðastöð, flæðiriti af stöðinni með merkingum geyma og lagna, viðbragðsáætlun og rekstrarhandbók.

Takmarka skal aðgengi að stöðinni og hafa með því eftirlit t.d. með girðingu eða hafa í henni eftirlitsmann eða -búnað. Ef birgðastöð er ekki mönnuð skal hindra aðgang óviðkomandi, t.d. með mannheldri girðingu, sbr. 7. grein reglugerðar nr. 884/2017. Tilkynna skal eftirlitsaðila um bilanir í eftirlitsbúnaði sé notast við slíka tækni.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

²⁵ Breyting 2022, viðbót.

[...]²⁶.

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbrögð skulu taka mið af [svæði]²⁷ nr. 629 á náttúruminjasrá (Skarðsfjörður ásamt Álaugarey).

Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti. Hún skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Viðbrögð við mengunaróhöppum skulu miðast við 21. gr. reglugerðar nr. 884/2017.

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við [Neyðarlínuna]²⁸ 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að jafnvirði 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004. [Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.]²⁹ Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

²⁶ Breyting 2022, hér stóð áður „Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt“

²⁷ Breyting 2022, hér stóð áður „friðlýsingu Óslands sem er fólkvangur, sbr. auglýsingu nr. 264/2011, auk svæðis“.

²⁸ Breyting 2022, viðbót.

²⁹ Breyting 2022, viðbót.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni við geymslu efna, svo sem við geymslu olíubirgða, hefur verið skilgreind í „Reference Document on Best Available Techniques on Emissions from Storage, July 2006“.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.6.

3.2 Frágangur birgðageyma

Olíugeymar skulu vera í olíuheldri lekavörn, t.d. olíuheldri þró. Rúmtak lekavarnar skal vera sem hér segir: Fyrir einn geymi skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd geymis. Ef fleiri en einn geymir er í sömu lekavörn skal rúmtak lekavarnar vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta geymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra geyma í hæð lekavarnar. Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætt á því að hann verði fyrir hnjaski.³⁰

3.3 Löndun olíu og áfylling flutningsgeyma

Til staðar skal vera útbúnaður á bryggjunni sem gagnast til að koma í veg fyrir olíuleka í sjó. Setja skal upp og fylgja verklagslagsreglum um löndun olíu, umgengni og viðhald áðurnefnds búnaðar þar sem fram kemur hvernig öllum tengingum skal vera háttað og tryggt að olía sleppi ekki út í umhverfið.

Áfylling flutningsgeyma skal fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lágsta punkti sem tengt er olíuskilju. Tengingar, úrtök og barkar skulu ekki leka. Koma skal í veg fyrir að geymar yfirfyllist, t.d. með viðeigandi tækjabúnaði og/eða verklagsreglum.

3.4 Geymsla og undantöppun úrgangsolíu

Undir úrgangsolíugeymum eða geymsluílátum skal vera olíuhelt plan tengt olíugildru. Sama gildir um undantöppun og áfyllingu íláta. Umhverfisstofnun getur heimilað geymslu og undantöppun úrgangsolíu innan þróar í stað olíuhelds plans ef ekki er um að ræða fyrirferðarmikla starfsemi sem dregur umtalsvert úr þróarrýminu.

³⁰ Um geymslu bensíns gildir einnig reglugerð á sviði brunavarna, nr. 188/1990, um eldfima vökva, og þar á meðal gilda ákvæði hennar um þróarrými ef þau ganga lengra en ákvæði þessa starfsleyfis.

3.5 Frárennsli

Frárennsli frá lekavörnum skal leitt í gegnum olíuskiljur utan lekavarnar. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Nota skal sandföng og olíuskiljur eða annan búnað sem dugar til þess að ná þessum mörkum. Gerð skilju miðast við þá staðla sem reglugerð nr. 884/2017 kveður á um.

Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum (sandfang og olíuhólf). Fjarlægja skal olíu úr skilju ef olía fyllir meira en 25% af rúmtaki olíurýmis, og sand og leðju úr sandfangi ef magn fastefnis fer yfir 40% af vökvarúmmáli sandfangs. Frárennislagnir við þrær skulu vera með lokum sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þeim, eða búnað sjálfvirkum lokum fyrir olíu.

3.6 Lekavarnir

Frágangur á geymum og lögnum skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017. Olíulagnir sem eru neðanjarðar, skulu vera tæringarvarðar.

Ofanjarðarlagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka ef þær eru ekki þrýstiprófaðar. Í viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5, skal kveðið á um viðbrögð vegna leka, til dæmis um búnað og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppburkkunarefni), notkun á lekabyttum og verklag við að hreinsa olíu sem lekur eða smitast út.

3.7 Úrgangur

[Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll.]³¹ Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Úrgangsolía skal fara til samþykks móttökuáðila. Heimilt er að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu frá birgðastöðinni.

3.8 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá birgðastöðinni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III í viðauka og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

3.9 Tap bensíns

Árlegt heildartap bensíns við áfyllingu og geymslu þess í geymum í birgðastöðinni skal miðast við minna en 0,01 þyngdarprósenta af gegnumstreymi og árlegt heildartap bensíns við áfyllingu og losun flutningsgeyma skal miðast við minna en 0,005% af gegnumstreymi.

³¹ Breyting 2022, viðbót.

3.10 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunum skv. grein 2.5.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirtalin atriði og skulu skráningar gerðar í rekstrarhandbók³² og vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olíuskiljur og yfirferð á virkni olíuskilja sbr. gr. 3.5.
- Eftirlit með úrtökum og lausum tengingum
- Magn og gerð móttækinnar úrgangsolíu.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Þjálfun starfsmanna sbr. gr. 2.3.

4.2 Ýmsar eftirlitsmælingar

Eftirfarandi mælingar, skulu framkvæmdar af rekstraraðila, eftir því sem við á og færðar í rekstrarhandbók:

- Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar.
- Á 5 ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir og allar löndunarlagningar og löndunarbarka.³³
- Lekavarnir skulu prófaðar ef ástæða þykir til að mati eftirlitsaðila.
- Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti.

Þrýstiprófa skal olíulagnir í olíubirgðastöð eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók.

4.3 Rekstrarhandbók

Í olíubirgðastöðinni skal rekstrarhandbók vera aðgengileg fyrir starfsmenn og eftirlitsaðila. Í handbókina skal skrá á aðgengilegan hátt upplýsingar um eftirfarandi þætti: eftirlit, breytingar í stöðinni,

³² Rekstrarhandbók má vera rafræn.

³³ Ef staðlar krefjast tíðari prófana skal miða við kröfur sem þar koma fram.

athugasemdir starfsmanna og eftirlitsmanna um viðhald, ástand og tæmingu olúskilju, þrýsti-, leka- og þéttiprófanir, þykktarmælingar og birgðauppgjör á mánaðarfresti, þjálfun starfsmanna svo og annað sem skiptir máli varðandi framkvæmd mengunarvarnaeftirlits.

4.4 Framkvæmd mælinga

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð [í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir í viðauka II, lið 4. og í reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit í IX. viðauka, lið 4.]³⁴

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. [550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit]³⁵, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 31. janúar [2034].³⁶

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfinu fylgir greinargerð, sjá fylgiskjal 2. [Einnig fylgir greinargerð með breytingu starfsleyfisins 2022, sjá fylgiskjal 4].³⁷

Reykjavík 27. janúar 2022³⁸

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Sigurður Ingason
sérfræðingur

³⁴ Breyting 2022, hér stóð áður „í 3. eftirlitsflokk skv. lið 24b í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“.

³⁵ Breyting 2022, hér stóð áður „785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“.

³⁶ Breyting 2022, hér stóð áður „2022“.

³⁷ Breyting 2022, viðbót.

³⁸ Upphaflega er starfsleyfið gefið út 31. janúar 2018.

Viðauki

Yfirlit yfir skiladaga:

Regluleg skil eru á mælikröfum, sbr. gr. 4.2 :

- Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar.
- Þrýstiprófa skal löndunarlagnir neðansjávar árlega og skoða legufæri.
- Á 5 ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir og allar löndunarlagnir.
- Lekavarnir skulu prófaðar á minnst 10 ára fresti.
- Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

Fylgiskjal 1

Ákvörðun losunarmarka:

Í grein 3.5 er tilgreint að olía í frárennsli má vera að hámarki 15 mg/kg, sem er í samræmi við uppgefin losunarmörk olíu í 20. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Fylgiskjal 2

Greinargerð vegna auglýsingar og vinnslu starfsleyfistillögu fyrir Olíudreifingu ehf. á Höfn í Hornafirði og útgáfu starfsleyfisins í framhaldi af auglýsingunni³⁹

Olíudreifing ehf. hefur starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir rekstur olíubirgðastöðvar á Höfn í Hornafirði sem gildir til 31. janúar 2018. Stöðin er við Krosseyjarveg 6 og Ósland. Um er að ræða starfsemi sem er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisstofnun í 3. eftirlitsflokki sbr. lið 24b í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.⁴⁰

Olíudreifing ehf. sótti um nýtt starfsleyfi fyrir stöðina í nóvember 2016 og umsóknargögn voru send Heilbrigðisnefnd Austurlands svæðis 22. nóvember 2017 ásamt áliti stofnunarinnar á áhrifum hugsanlegrar mengunar og drögum að starfsleyfistillögu en leita ber umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar við gerð tillögu að starfsleyfi. Í umsókn var gert ráð fyrir óbreyttum rekstri.

Umhverfisstofnun metur það svo að staðsetning stöðvarinnar sé afar viðkvæm vegna nálægðar við fólkvang og viðkvæma náttúru. Um þessi atriði er því sérstaklega getið í grein 2.5 sem fjallar um áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda.

Starfsleyfistillaga Umhverfisstofnunar var auglýst opinberlega á tímabilinu 21. desember 2017 til 19. janúar 2018 og gefinn kostur á skriflegum athugasemdum við starfsleyfistillögu. Engin athugasemd barst um tillöguna á auglýsingatíma. Eftir að auglýsingatíma lauk benti Skeljungur hf. á að orðalag í gr. 3.9 í sambærilegu starfsleyfi væri frábrugðið orðalagi reglugerðar. Samþykkt var að samræma textann og það gildir einnig um starfsleyfi Oliudreifingar ehf. sem voru í vinnslu á sama tíma.

Við útgáfu starfsleyfisins tók Umhverfisstofnun ákvörðun um lítilsháttar breytingar frá auglýstum texta starfsleyfistillögu. Ákveðið var að tilgreina nánar umfang á móttöku úrgangsolíu til samræmis við umfangsákvæði annarra starfsleyfa stofnunarinnar. Þá var gerð breyting á orðalagi greinar 1.5 til að skýra kröfur nánar og felld var niður ónákvæm tilvitnum í reglugerð. Augljósar villur voru einnig leiðréttar.

Gildistími starfsleyfisins er til ársins 2022 eða til fjögurra ára sbr. gr. 12.1 í rg. nr. 785/1999 þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag vegna stöðvarinnar.⁴¹ Samkvæmt fyrirnefndu reglugerðarákvæði þarf þá byggingar- og skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins að staðfesta að starfsemin sé í samræmi við landnotkun sem aðalskipulag kveður á um og samþykkt notkun fasteignar. Staðfesting þessa efnis var gefin af Skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 6. apríl 2017.

³⁹ Greinargerðin í fylgiskjali 2 fylgdi starfsleyfinu við útgáfu þess 2018. Hún er ekki uppfærð.

⁴⁰ Nú, árið 2021, er starfsemin flokkuð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir í viðauka II, lið 4. og í reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit í IX. viðauka, lið 4.

⁴¹ Reglugerð nr. 785/1999 er brottfallin. Nú gildir reglugerð nr. 550/2018 sem hefur ekki að geyma slíka takmörkun á gildistíma.

Fylgiskjal 3

Rökstutt álit Umhverfisstofnunar á áhrifum hugsanlegrar mengunar olíubirgðastöðva á vegum Olíudreifingar ehf.

Mengunarhætta af rekstri olíubirgðastöðva er einkum ef olía sleppur úr stöðinni í óhappi eða vegna mistaka eða ófullnægjandi mengunarvarna. Hér á eftir er gerð grein fyrir afleiðingum af losun olíu í umhverfið:

Olía sem geymd er í olíubirgðastöð er blanda af náttúrulegum efnum úr plöntu- og dýraleifum eða steinefnum eða ýmsum manngerðum efnasamböndum og er sett saman úr tugum eða hundruðum efna. Samsetning olíunnar ræður eiginleikum hennar hverju sinni og áhrifum á lífríkið þegar hún berst fyrir slysi í umhverfið. Þeir eiginleikar sem mestu skipta þegar áhrif á umhverfið eru metin eru hversu þunnfljótandi olían er, hversu hratt hún gufar upp og hver massi (þykkt) hennar er, þ.e. hvort hún flýtur eða sekkur þegar hún berst í vatn eða sjó. Þegar olía dreifist í vatn eða sjó verða ýmsar breytingar á henni. Þar má nefna uppgufun og dreifingu örfínna olíudropa í vatninu. Gagnstætt ferli er þegar olían kekkjast. Einnig getur átt sér stað náttúrulegt niðurbrot og set. Set er þegar olía sest á hafsbotn eða botn vatns. Nái sólin að hafa áhrif á olíuflekk geta ný efnasambönd myndast í olíunni.

Áhrif olíu á umhverfið eru margs konar og geta verið allt frá litlum áhrifum ef olía fer í sjó á opnu hafi, til þess að allt lifandi drepist í tilteknu lífríki. Leirur eða votlendi eru sérstaklega viðkvæm.

Mikill munur er á eitrunaráhrifum hrárrar olíu og unninna olíuafurða og dæmin sanna að verstu eitrunaráhrifin hafa orðið þegar bensín eða svipaðar olíuafurðir komast í snertingu við lífríki á afmörkuðu svæði. Þar skiptir hraði uppgufunar meginmáli og má því segja að eitrunaráhrif bensíns standi einungis í nokkrar klukkustundir andstætt við þungar olíur en verulegur munur er á eitrunaráhrifum hráolíuflekks sem nær landi stuttu eftir að hann kemst í sjóinn eða flekks sem hefur veðrast á rúmsjó dögum saman áður en hann nær landi.

Þungar olíur eins og hráolía og svartolía, sem ná landi fljótt eftir að þær fara í sjóinn geta einnig hreinlega *kæft* lífríki fjörunnar með því að leggjast yfir plöntur og dýr. Olíublautir fuglar eru líklega ein þekktasta birtingarmynd olíumengunar og er vissulega alvarleg en önnur minna sýnileg áhrif á gróður og dýralíf eru ekki síður alvarleg. Strendur sem eru skjólsælar og eru samsettar eru úr mjúku seti með leirum og votlendi, eru almennt viðkvæmstu svæðin gagnvart olíumengun.

Fylgiskjal 4

Greinargerð um auglýsingu og útgáfu á breyttu starfsleyfi 2022 fyrir Olíudreifingu ehf. á Höfn í Hornafirði

Í umsókn Olíudreifingar ehf. um breytingu á starfsleyfi var vísað til þess að reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit hefur tekið við hlutverki reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Benti Olíudreifing ehf. á að með setningu reglugerðar 550/2018 var reglugerð nr. 785/1999 felld úr gildi og með því féllu niður kröfur um að í mesta lagi mætti kveða á um fjögurra ára gildistíma starfsleyfis rekstraraðila. Þær kröfur byggðu á sínum tíma á 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Olíudreifing ehf. fór í umsókninni fram á að gildistími starfsleyfa þriggja olíubirgðastöðva yrði samræmdur við önnur starfsleyfi sem gefin voru út á sama tíma, til 16 ára, fyrir olíubirgðastöðvar þar sem deiliskipulag var til staðar og taldi Umhverfisstofnun rétt að fallast á þetta sjónarmið.

Í 7. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 kemur fram að deiliskipulag þarf ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar, sbr. IX. viðauka, enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðþróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Kemur þar einnig fram að útgefandi starfsleyfis skuli leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti.

Aflað var umsagna frá byggingarfulltrúa og umhverfis- og skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar sbr. 7. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og í því ferli kom fram það álit að starfsemin samræmdist Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 og gerði hvorugur umsagnaraðili athugasemdir við framlengingu starfsleyfisins til u.þ.b. 12 ára.

Auglýsing um breytt starfsleyfi fyrir stöðina var aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar á tímabilinu 6. desember 2021 til og með 4. janúar 2022 og heimilt var að gera athugasemdir við starfsleyfistillöguna á sama tímabili sbr. 3. mgr. 7. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Engar athugasemdir bárust um málið til Umhverfisstofnunar á auglýsingatímanum.

Starfsleyfinu hefur einnig verið breytt með þeim hætti að það gildir ekki lengur varðandi geymi á Óslandi enda er rekstraraðili ekki lengur með rekstur hans. Þá hafa laga- og reglugerðartilvísanir í starfsleyfinu verið uppfærðar þar sem breytingar hafa orðið frá útgáfunni 2018.